

Nd.

350. Nefndarátt

um frv. til laga um landnámssjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft frv. til athugunar á nokkrum fundum, og felst meiri hl. hennar á stefnu þess í meginatriðum, en einn nefndarmaður (H. J. K.) er óbundinn um fylgi við frv.

Jafnframt hefir nefndin haft til athugunar brtt. á þskj. 189, frá 4. þm. Reykv. Fellst nefndin einnig að sömu hlutföllum (4:1) á þá hækkun á framlagi til sjóðsins, sem þar er stungið upp á. Með auknu framlagi til sjóðsins er þá og hægt að tæra út verksvið hans til þess að viðhalda bygðum býlum, þar sem þess er brýnust þörf, en vegna fjárskorts þarf þó að setja fyrir því allþröng takmörk.

Með slíkri útfærslu á tekjum og verksviði sjóðsins þarf að gera ýmsar breytingar og viðauka við frv. Hefir meiri hl. nefndarinnar unnið að þeim breytingum á grundvelli bæði frv. og breytingartillagnanna.

Nefndin hugsar sjer framlög sjóðsins til nýbýla og til viðhalds bygðra býla sitt með hvoru móti. Framlög til nýbýla hugsar nefndin sjer á grundvelli 4. gr. frv., sem stofnfje, er ríkið leggi fram og eigi í býlinu þangað til ef eigandi landsins eða ábúandi býlisins leysir framlögin til sín, sbr. 4. gr. frv. En framlög til að endurreisa hús á bygðum býlum hugsar nefndin sjer, að veitt verði sem löng lán með lágum vöxtum, eftir því sem gerist nú á tímum, á grundvelli 4. brtt. á þskj. 189.

Til þess að frv. liggi sem skýrast fyrir með þessum umgetnu breytingum og viðaukum og ýmsum orðabreytingum, er nefndin vill gera, þykir nefndinni nauðsynlegt að setja þær inn í meginmál frv. og orða það upp í heild sinni eins og hún hugsar sjer það, og fer það hjer á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Af tekjum rikissjóðs skal leggja árlega 200 þúsund krónur í sjóð, er nefnist landnámssjóður Íslands.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Tilgangur sjóðsins er að viðhalda og fjölga sjálfstæðum býlum í landinu, með því:
 - a. að leggja fram fje til að byggja upp nýbýli á landi, sem er í einkaeign, eða í eign sveitar- eða bæjarfjelaga.
 - b. að byggja upp nýbýli á landi, sem ríkið á eða kaupir í því skyni.
 - c. að lána fje til að endurbyggja hús á sveitabýlum.
Nýbýli í lögum þessum tákna hvert það býli, sem reist er að nýju, hvort sem er á gömlum eyðijörðum eða á landi, sem skift er út úr jörðum, sem eru í ábúð, og hvort sem í upphafi fylgir þeim nokkurt rækt- að land eða ekki.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Skilyrði fyrir framlagi úr sjóðnum til nýbýla eru:
 - a. að landið, sem býlið er reist á, sje lagt því til æfinlegra nota með fyrirfram ákveðnum landsnytjum.
 - b. að það geti, að dómi þar til kvaddra hæfra manna, veitt fjölskyldu sæmileg skilyrði til framfærslu, þegar það er komið í viðunandi rækt.
 - c. að byggingar samsvari landinu að stærð og dýrleika og sjeu gerðar úr varanlegu efni og í þjóðlegum stíl.
 - d. að hlutaðeigandi sveitarstjórn, eða hreppstjóri, ef sveitarstjórn á í hlut, mæli með umsókninni.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Framlög, er veitt verða til nýbýla á landi, sem ekki er rikiseign, skulu veitt gegn ævarandi afgjaldskvöð af býlinu, er svari til 2% vaxta af framlaginu, og sje býlið með óskertum fyrsta veðrjetti að veði fyrir skilvisri greiðslu afgjaldskvæðarinnar og kostnaði, er leiða kann af vanskilum. Framlög til býla, sem reist eru á óræktuðu eða litt ræktuðu landi, skulu vera afgjaldslaus 10 fyrstu árin, en til býla, sem reist eru á ræktuðu landi, í 5 ár.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Framlög til að reisa nýbýli skulu sitja fyrir lánnum til að endur- reisa sveitabæi, og skulu þá beiðnir einstakra manna sitja fyrir framlögum til jarðeigna ríkisins og sveitar- eða bæjarfjelaga.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Nýbýli, sem reist verða með framlagi úr landnámssjóði og ekki komast þegar í sjálfsábúð, skulu seld á leigu með hæfilegri landskuld til lífstíðar, eða á erfðaábúð, sje þess óskað.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Upphæð framlags til bygginga á nýbýlum, sem reist verða á landi,

sem ekki er rikiseign, og upphæð lána til að endurreisa hús á bygðum býlum má nema allt að $\frac{4}{5}$ af áætlðu verði bygginganna, eftir áætlun, sem stjórn sjóðsins samþykkir.

8. Við 8. gr. Greinin orðist svo :

Eigandi eða ábúandi lands, sem nýbýli hefir verið reist á með framlagi úr landnáms sjóði, á jafnan rjett á að innleysa afgangskvöðina með 50-faldri upphæð hennar. Samskonar innlausnarrjett á ábúandi nýbýlis, sem að öllu er rikiseign, með þeim kjörum, að afgangið sje reiknað til stofnfjár með 25-földu afganginu.

9. Á eftir 8. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi :

a. 9. gr.

Nú er nýbýli, sem reist hefir verið með framlagi úr landnáms sjóði, komið i einkaeign (sbr. 8. gr.), og má þá söluverð slikra býla aldrei fara fram úr 25-földu eftirgjaldi þess eins og það er þá metið af skattanefnd.

b. 10. gr.

Lán til að endurreisa hús á bygðum býlum skulu ávaxtast og endurhorgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni i 42 ár.

c. 11. gr.

Lán til að endurreisa hús á bygðum býlum má veita því aðeins, að býlin sjeu innan takmarka bygðra sveita og að efnahagur eigenda sje þannig, að þeir geti ekki álitist færir um, efnahagsins vegna, að leggja fram sje til að reisa bæinn að nýju, svo að viðunandi sje.

Rjett til lána úr sjóðnum að öðru leyti hafa býli því aðeins, að sannað sje :

- a. með vottorði hreppstjóra, að bæjarhús sjeu svo fallin eða að falli komin, að búast megi við, að býlin leggist i eyði af þeim ástæðum, eða
- b. með vottorði hjeraðslæknis, að heilsu heimilisfólksins sje hætta búin af smitun næmra sjúkdóma, svo sem berklaveiki, eða af öðrum ástæðum.

Lánbeiðnir, þar sem svo er ástatt sem segir undir staflíð b, skulu sitja fyrir að öðru jöfnu.

d. 12. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum :

- a. gegn ábyrgð sýslufjelaga eða hrepps-fjelaga, að áskildu lögmaeltu samþykki æðri stjórnarvalda.
- b. gegn afgangskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með fyrsta veðrjetti.
- c. gegn hverju því fasteignaveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.

10. Við 9. gr. Greinin orðist svo :

- Greiddar árlegar afgjaldskvaðir, svo og andvirði seldra afgjaldskvaða og nýbýla, sbr. 8. gr., og enn fremur vextir og afborganir lána samkv. 10. gr. renna í landnámssjóð.
11. Við 10. gr. Greinin orðist svo :
Handbært fje sjóðsins skal jafnan standa á vöxtum í Landsbanka Íslands eða í jarðræktarbrjefum.
12. Við 11. gr. Greinin orðist svo :
Stjórn sjóðsins og reikningshald skal falið ræktunarsjóði Íslands, og hefir stjórn ræktunarsjóðsins sjer til aðstoðar við lánveitingar þriggja manna nefnd, sem skipuð sje búnaðarmálastjóra, ráðunaut stjórnarinnar um bygging sveitabæja og þriðja manni, er atvinnumálaráðherra nefnir til. Skal ekkert lán veitt úr sjóðnum, nema nefndin mæli með því.
13. Við 12. gr. Greinin orðist svo :
Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn sjóðsins, og setur hann nánari reglur um sjóðinn með reglugerð.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Pjetur Þórðarson, Árni Jónsson, Jörundur Brynjólfsson.
form. fundaskrifari.

Halldór Stefánsson, Hákon Kristófersson,
frsm. með fyrirvara.